Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að afla skýrslna eins og að framan segir, svo fljótt sem unnt er.

---

Miðvikudaginn 25. febrúar 1942.

Nr. 4/1942. **Valdstjórnin** (Einar Ásmundsson)
gegn
**Guðmundi Ragnari Magnússyni**
(Gústav A. Sveinsson).

Ölvun.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakar þessarar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Guðmundur Ragnar Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakar þessarar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars Ásmundssonar og Gústavs A. Sveinssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. sept. 1941.**

Ár 1941, miðvikudaginn 24. september, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu við Skólavörðustíg af fulltrúa sakadómara, Þórði Björnssyni, upp kveðinn dómur í mál-

inu nr. 2777/1941: Valdstjórnin gegn Guðmundi Ragnari Magnússyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Ragnari Magnússyni, sjómanni, til heimilis í Kirkjustræti 2 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. september 1899, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftir töldum kærum og refsingum:

| | | |
|---|---|---|
| 1920 | 11/6 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1921 | 14/2 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| 1922 | 6/1 | Sætt, sekt 60 kr. fyrir sama. |
| 1932 | 25/4 | Sætt, sekt 60 kr. fyrir sama og fyrir mótþróa við lögr. |
| — | 23/11 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| — | 17/12 | Sætt, sekt 80 kr. fyrir sama. |
| — | 24/12 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 31/12 | Sætt, sekt 200 kr. fyrir ölvun og vinnnautn á veitingahúsi. |
| 1933 | 25/1 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| — | 14/2 | Sætt, sekt 100 kr. fyrar sama. |
| — | 18/4 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 13/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 16/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 21/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 28/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 9/6 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 14/6 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 10/9 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 25/9 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 7/11 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 20/11 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 21/12 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| 1934 | 1/1 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 7/1 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 23/2 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 24/2 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun og óhlýðni við lögr. |
| — | 23/3 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| — | 25/3 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 3/4 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 2/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| — | 3/5 | Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 5. og 16. gr. sbr. 36. gr. áfengislaganna, 3. og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 101. gr. alm. hegningarlaga frá 1869. Áfrýjað. Staðfest í hæsta rétti 12/12 1934. |

— 10/5 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 24/9 Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama.
— 7/10 Sætt, sekt 75 kr. fyrir sama.
— 21/10 Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama.
— 5/12 Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1935 8/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 1/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 4/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 9/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 16/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 24/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 30/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 27/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 2/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 10/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 3/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 18/12 Kærður fyrir ölvun. Ekki talin ástæða til málshöfðunar.
— 20/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1936 18/1 Sætt, sekt. 25 kr. fyrir sama.
— 25/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 27/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 29/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 4/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 7/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 13/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 4/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 22/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 29/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 17/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 23/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 8/11 Sætt, sekt 100 kr. fyrir sama.
— 13/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 16/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 12/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 11/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 18/3 Kærður fyrir ölvun innan húss. Látið falla niður.
— 24/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 13/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 5/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 17/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 22/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 12/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 9/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 24/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 1/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.

— 22/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 15/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 4/6 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 5/6 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 20/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 28/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 30/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 16/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 18/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 23/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 24/11 Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.
— 10/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 17/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 7/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 21/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 24/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 31/3 Kærður fyrir heimilisleysi. Látið falla niður.
— 5/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 26/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 30/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 3/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 8/5 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.
— 13/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 14/5 Sætt sekt 25 kr. fyrir sama.
— 17/11 Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
— 13/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 16/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 8/1 Sætt, sekt 50 kr. fyrir brot á 17. gr. áfengislaganna.
— 9/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 9/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 24/2 Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama.
— 26/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 29/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 31/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 2/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 27/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 2/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 5/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 15/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 5/6 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 8/6 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 10/6 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 9/7 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 10/7 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.

— 27/7 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 5/8 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 7/8 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 15/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 17/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 18/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 19/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 21/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 28/9 Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.
— 1/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 5/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 9/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 12/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 11/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 12/11 Sætt, sekt 100 kr. fyrir sama.
— 23/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 3/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 2/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 3/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 6/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 11/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 17/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 19/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 21/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 25/1 Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
— 30/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 2/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 4/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 15/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 21/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 12/4 Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.
— 16/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 20/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 26/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 6/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 7/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 11/5 Kærður fyrir ölvun (meint brot). Fellt niður.
— 13/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
— 14/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 15/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 20/5 Sætt, sekt 25 kr, fyrir sama.
— 24/6 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 18/7 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 20/7 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.

— 23/7 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 12/8 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
— 2/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.

Þriðjudaginn 2. þ. m., kl. 12, kom kærður inn á lögreglustöðina í Reykjavík. Varðstjóri úrskurðaði hann í varðhald. Hafa bæði varðstjórinn, sem var Magnús Sigurðsson lögregluþjónn, og Stefán Jóhannsson lögregluþjónn borið það, að kærður hafi verið áberandi ölvaður í þetta skipti. Hafi mátt sjá það á útliti og gangi kærðs og finna það á mæli hans.

Kærður neitar því hins vegar að hafa verið áberandi ölvaður. Hann kveðst hafa verið „þunnur“ þenna morgun og drukkið eftir kl. 10 3—4 bjóra og úr einu 30 gramma glasi af Hoffmannsdropum. Hafi hann ekki fundið til verulegra áfengisáhrifa af þessu.

Mánudaginn 22. þ. m., kl. 1,30, sá Torfi Jónsson lögregluþjónn kærðan í Lækjargötu. Þar sem hann taldi kærðan áberandi ölvaðan, fór hann með hann á lögreglustöðina. Varðstjóri úrskurðaði kærðan síðan í varðhald. Varðstjórinn, sem var Pálmi Jónsson lögregluþjónn, og Torfi Jónsson hafa báðir borið það, að kærður hafi verið áberandi ölvaður í umrætt skipti, enda hafi hann reikað í spori. Kærður neitar því hins vegar að hafa verið áberandi ölvaður. en viðurkennir að hafa fundið til áfengisáhrifa. Hafi hann umrædda nótt drukkið 10—12 bjóra og 2 lítil glös af Kardemommudropum.

Þrátt fyrir neitun kærðs þykir þó sannað með framburðum lögregluþjónanna, að kærður hafi verið áberandi ölvaður í áður greind skipti. Hefur hann því gerzt brotlegur gegn 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Með tilliti til hinna tíðu ítrekana kærðs þykir refsins hans hæfilega ákveðin 500 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Guðmundur Ragnar Magnússon, greiði 500 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.